

REGLUGERÐ

um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál.

1. gr.

Allir læknar og þeir aðrir, sem lækningaleyfi hafa, skulu skyldir til að halda spjaldskrá yfir sjúklinga þá, sem þeir taka til meðferðar, og skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, skoðunardag, helztu rannsóknir, sjúkdómsgreiningu, meðferð og afdrif, þegar þau eru kunn.

2. gr.

Við hvert sjúkrahús og sjúkraskýli eða aðra heilbrigðisstofnun skal halda dagbók (journal) yfir alla sjúklinga, er þar dveljast eða þangað leita, og skal skrá þar nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, komudag og brottfarardag, heilsufars- og sjúkrasögu, niðurstöður lækni- og handlækni- og meðferð, og afdrif við burtför.

3. gr.

Yfirlæknar (sjúkrahúslæknar) sjúkrahúsa eða sjúkrahúsdeilda, svo og, eftir því sem um er að ræða, yfirlæknar, forstöðumenn eða stjórnir annarra heilbrigðisstofnana, skulu gera skýrslur um starfsemi stofnana sinna samkvæmt fyrir-mælum landlæknis og, ef með þarf, eftir nánari leiðbeiningum hlutaðeigandi héraðslæknis. Tilskildum ársskýrslum skulu þessir aðilar hafa skilað í tvíriti til hlutaðeigandi héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

4. gr.

Lyfsalar, ljósmæður, bólusetjarar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn skulu halda þær bækur og gera þær skýrslur, sem af þeim er krafizt samkvæmt lögum og reglugerðum eða fyrir-mælum landlæknis. Tilskildum ársskýrslum skulu þessir aðilar hafa skilað í tvíriti til hlutaðeigandi héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

5. gr.

Starfandi læknar og þeir aðrir, sem lækningaleyfi hafa, skulu gera þær skýrslur, sem af þeim er krafizt samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrir-mælum landlæknis. Skulu þessir aðilar senda hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) skýrslurnar, nema öðruvísi sé fyrir mælt, og hafa skilað tilskildum ársskýrslum í tvíriti eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

6. gr.

Starfandi læknar í kaupstöðum skulu jafnan, þegar eftir hver vikulok, semja vikuskýrslu yfir farsóttir o. fl. á þar til gerð eyðublöð og skila henni tafarlaust til hlutaðeigandi héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis).

Starfandi læknar utan kaupstaða skulu semja tilsvarendi mánaðarskýrslu þegar eftir lok hvers mánaðar og skila henni tafarlaust til hlutaðeigandi héraðslæknis.

7. gr.

Starfandi læknar, þeir aðrir, sem hafa lækningaleyfi, aðrir heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir, skulu, auk þess sem segir í 3.—6. grein þessarar reglu-

gerðar, veita umbeðnar upplýsingar landlækni og hlutaðeigandi héraðslækni um allt það, er varðar starf þeirra og stofnanir, enda sé þeim ekki óskytt að láta þær í té.

8. gr.

Nú vanrækir sá, sem til þess er skyldur samkvæmt lögum og reglugerðum eða fyrirmælum landlæknis, að skila tilskildum skýrslum eða veita umbeðnar upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð, og er þá ráðherra heimilt, eftir tillögum landlæknis, að láta hlutaðeiganda sæta dagsektum, 100 krónum fyrir hvern dag, sem liður fram yfir settan frest, svo og, ef í hlut á starfsmaður, sem tekur laun úr ríkissjóði eða frá stofnunum ríkisins, að stöðva launagreiðslur til hans, unz skil eru gerð. Sektirnar má taka lögtaki.

9. gr.

Sektir lækna samkvæmt reglugerð þessari skulu renna í Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna islenzkra lækna. Sektir annarra renna í ríkissjóð.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga nr. 47 frá 1932, gengur í gildi þegar í stað. Með henni er úr gildi numin reglugerð nr. 94 frá 1932, um skýrslugerðir lækna og þeirra, sem lækningaleyfi hafa, annarra heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. marz 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

AUGLÝSING

um staðfesting ráðuneytis á erindisbréfi fyrir héraðslækna.

Samkvæmt 8. gr. læknaSKIPUNARLAGA nr. 16, frá 9. apríl 1955, er hér með staðfest eftirfarandi erindisbréf.

Erindisbréf héraðslækna.

I. KAFLI

Embættisstörf héraðslækna varðandi sjúkdómavarnir, aðra heilsuvernd og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

Héraðslæknar hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis. Þeir skulu hafa vakandi auga á hverju því, er miðar til eflingar almennri heilbrigði héraðsbúa, og gera sér far um að leiðbeina þeim um allt þar að lútandi.